

Ársfundur félagsliða 2008

Skýrsla fyrir starfsárið

Útskrifaðir félagsliðar og í námi.

Félagsliðar innan Eflingar stéttarfélags eru nú 107 sem vinna við heimaþjónustu, á hjúkrunarheimilum og dagdeildum fyrir Alzheimer sjúklinga. Af þeim eru 75 starfandi hjá Reykjavíkurborg og 30 á hjúkrunarheimilum og dagdeildum.

80 eru í félagsliðanámi, þar af 21 sem starfar hjá hjá Reykjavíkurborg og 46 af hjúkrunarheimilum og dagdeildum. Einn hópur, 22 nemar, útskrifast eftir 3 daga eða 25. apríl.

Menntun félagsliða.

Mímir símenntun hefur staðið sig með sóma, með stuðningi frá Eflingu, að halda utan um þetta nám og þökkum við þeim kærlega frábært samstarf.

Framhaldsnám.

Haldið var af stað með framhaldsnám fyrir félagsliða í Alzheimer sjúkdóminum síðastliðið haust og aftur eftir áramótin. Námið var á vegum Mímis símenntunar en Hanna Lára Steinsson félagsfræðingur og forstöðumaður Bjarmalunds hélt utan um það með mjög góðum árangri. Námið gefur 4 einingar. Efling kostaði námið og Reykjavíkurborg gaf nemendum tækifæri til að stunda það í vinnutíma. 36 nemendur útskrifuðust í vetur úr þessu framhaldsnámi, sem er vonandi komið til að vera.

Auk þess að halda þessu framhaldsnámi vakandi bjóða ofangreindir aðilar vonandi upp á enn frekara framhaldsnám fyrir félagsliða í nánustu framtíð, reynslan af þessu námi gefur tilefni til þess.

Fundir á liðnu starfsári.

Síðasti ársfundur félagsliða var haldinn 28. mars. 2007. Þar flutti Magnús Ólafsson deildarstjóri á geðsviði LHS, talaði hann um mikilvæg atriði sem

máli skipta þegar unnið er með fólk. Samkiptafærni þurfi að vera góð og borið sé virðing fyrir einstaklingnum.

Guðrún Óladóttir forstöðumaður sjúkrasjóðs Eflingar fór yfir málefni sjóðsins.

Fræðslufundur var haldinn í faghópi félagsliða 12. nóvember 2007. Sigurður Gunnsteinsson ráðgjafi hjá SÁÁ hélt erindi um áfengissýki á síðari hluta ævinnar. Þar kom m.a. fram að stóraukin áfengissýki væri meðal aldraðra og væri margt sem spilaði inn í, fólk sem misst hefði maka sinn eða lent í öðrum áföllum lokaði sig gjarnan inni og leitaði á náðir drykkjunnar. Aukist hefði að þetta fólk leitaði sér hjálpar, sumum hefði tekist að snúa við blaðinu en aðrir voru orðnir það veikir fyrir að líffæri þoldu ekki svona mikla drykkju.

Björk Vilhelmsdóttir, þáverandi formaður Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fór yfir stefnu Velferðarsviðs og hlutverk félagsliða innan þess. Hún var full af hugmyndum og vildi þróa nýja sýn fyrir félagsliða, en það vita allir hvernig það fór, nýr borgarstjórnarmeirihluti tók við og enn og aftur byrjar allt upp á nýtt.

Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar fór yfir framtíðarsýn félagsliða og Fanney H. Friðriksdóttir yfir störf faghóps félagsliða og lýsti píslargöngu okkar milli Heilbrigðisráðuneytis, Landlæknisembættis og Velferðarsviðs um innleiðingu starfslýsinar og löggildingar.

Starfslýsing og löggilding.

17. apríl s.l. var annar fundur haldinn með Lóu Birnu, starfsmannastjóra Velferðarsviðs, um starfslýsingu og lofar hún að það styttest í hana og í framhaldi af því, 6 mánuðum eftir starfslýsingu verði félagsliðar settir í nýtt starfsmat.

Lítið hefur gengið í löggildingarmálinu. Umsókn var komið inn hjá Heilbrigðisráðuneytinu, sem velkst þar um og nú er hún komin til Félags- og tryggingaráðuneytisins þar sem Sigurður og Sigurrós komu henni í hendur Láru Björnsdóttur fyrrverandi félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, sem hafið hefur störf þar. Mjög mikilvægt er að hún komist í gegn og mönnunarmótelið taki mið af henni.

Kjaramál.

Samningar voru lausir um síðustu mánaðamót hjá ríkinu og hjúkrunarheimilum og hafa verið margir fundir hjá sáttasemjara. Kjarasamningar Reykjavíkurborgar verða lausir 31. október í haust. Ekki verða höfð fleiri orð um kjarasamninga hér því Harpa Ólafsdóttir forstöðumaður kjaramálasviðs Eflingar mun hafa sér erindi um þá hér á eftir.

Framtíðin.

Faghópur félagsliða mun halda áfram að leggja sitt af mörkum til að halda hlutunum gangandi, halda áfram að koma í höfn þeim hlutum sem við höfum verið að vinna í svo sem starfslýsingu og löggildingu.

En eitt er ljóst að þótt þrautargöngunni sé ekki lokið þurfum við öll sem félagsliðar að sýna og sanna að við séum tilbúin að axla ábyrgð og vinna að þeim heilindum sem við tókumst á við í náminu. Þannig vinnum við okkur upp og verður treyst fyrir hverju sem er á vinnustaðnum.

Vinum með kærleika og opnum huga til að afla starfi félagsliða virðingu.

Sigurður, Rósa, Harpa, Atli og annað starfsfólk Eflingar hefur sýnt okkur óbilandi trú og aðstoð í hvívetna, hvort sem um er að ræða að þræða ráðuneyti og stofnanir, halda fundi, koma okkur á framfæri og halda uppi merki félagsliða hvar sem þeim hefur gefist tækifæri til þess.

Þökkum við þeim af heilhug.